



ÞRÍÐJUDAGUR 27. ÁGÚST

17:00-20:00 PERLAÐ MEÐ KRAFTI

Kraftur kemur í Hlégarð og perlar armbönd með Aftureldingu og Mosfellingum. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein. Skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna og tilvalið að láta gott af sér leiða.

MÍÐVIKUDAGUR 28. ÁGÚST

17:00 LISTAPÚKINN Á BLIK

Listapúkinn, Þórir Gunnarsson, opnar sýningu á Blik Bistro (golfskálanum). Listapúkinn er orðinn landsþekktur fyrir liflegar og skemmtilegar myndir sem hann málar af mannlífínu.

18:00 PRJÓNASKREYTINGAR Í MIÐBÆNUM

Kvenfélag Mosfellsbæjar skreytir aspirnar við Háholt í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúar geta tekið þátt og komið með það sem þeir eru með á prjónunum.

20:00-22:00 UNGLINGADANSLEIKUR Í HLÉGARÐI

Upphitun fyrir bæjarhátíðina. Unglingaball fyrir 8.-10. bekkina. Dj Joohon og Birnir. Kostar litlar 500 krónur inn.

20:00 GÓSS Í LÁGAPELLSKIRKJU

Hljómsveitin GÓSS kemur fram og syngur hugljúf lög af nýútkominni plötu sinni. Hljómsveitin Góss er tríó, skipað þeim Sigríði Thorlacius, Sigurði Guðmundssyni og Guðmundi Óskari Guðmundssyni. Frítt inn meðan húsrúm leyfir.

FIMMTUDAGUR 29. ÁGÚST

ÍBÚAR SKREYTA HÚS OG GÖTUR Í HVERFISLITUM

GULUR - Hlíðar, Höfðar, Tún og Mýrar

RAUÐUR - Tangar, Holt og Miðbær

BLEIKUR - Teigar, Krikar, Lönd, Ásar,

Tungur og Mosfellsdalur

BLÁR - Reykja- og Helgafellshverfi

18:00-21:00 KRYDDBRAUÐSKEPPNI STEINDA JR.

Á pizzastaðnum Blackbox í Háholtinu verður DJ frá kl. 18-21 og fram fer kryddbrauðsskeppni Steinda Jr. Hátíðartilboð í boði fyrir gesti og gangandi.

19:00 SKÁLDAGANGA UPP MEÐ VARMÁ

Safnast verður saman við Hlégarð, gengið upp með Varmá, að Stekkjarflöt og í Álafosskvos. Bjarki Bjarna-son rithöfundur og forseti bæjarstjórnar leiðir göng-una. Kvennakórinn Stóllurnar tekur lagið og fer með bókmenntatexta á leiðinni.

18:00-22:00 SUNDLAUGARKVÖLD Í LÁGAPELLSLAUG

Fjölskyldan skemmtir sér saman. Sundlaugarkvöld fyrir 10 ára og yngri kl. 18-20 og fyrir 11 og eldri kl. 20-22. Leikhópurinn Lotta kikir í heimsókn með söngvasyrpu kl. 18:15 og 19:30. Blöðrutistamenn sýna listir sínar og gera skemmtileg blöðrudrýr. Dj. Baldur verður á svæðinu. Zumba í lauginni kl. 20:15. Frítt inn fyrir alla.

19:00 FELLAHRINGURINN - FJALLAHJÓLAKEPPNI

Hjólakeppni um stíga Mosfellsbæjar. Keppnin hefst við íþróttahúsið að Varmá. Tvær vegalengdir í boði, 15 km og 29 km. Sjá nánar á netskraning.is/fellahringurinn.

20:00 BÍLAKLÚBBURINN KRÚSER VIÐ KJARNA

Bílaklúbburinn Krúser safnast saman á bílplaninu við Kjarna. Tilvalið að kíkja á flottar drossíur og klassíska bíla frá liðinni tíð. Fjöldi glæsivagna á svæðinu ef veður leyfir og eru heimamenn sérstaklega hvattir til að mæta.

21:00 BUBBI MORTHENS Í HLÉGARÐI

Bubbi Morthens verður með tónleika í Hlégarði. Bubbi gaf nýlega út plötuna Regnbogans stræti sem er hans þritugasta og þriðja breiðskífa. Miðasala á www.midi.is.

FÖSTUDAGUR 30. ÁGÚST

8:00-20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBSINS

Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll. Tveir fyrir einn af vallargjaldi á Hlíðavelli og í Bakkakoti.

10:00 OG 11:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR

Leikhópurinn Lotta kemur í heimsókn og flytur Söngva-syrpu og skemmtir 5 ára börnun í bænum. Sýningarnar verða tvær. Öll börn fædd 2015 eru hjartanlega velkom-in. Dagskrá í samstarfi við leikskólana.

13:00-17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRADASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL

Geitur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 800 kr.

14:00–20:00 ÆVINTÝRI Á GÖNGUFÖR

Ásta Júlía Hreinsdóttir sýnir olíumálverk í gróðurhúsinu að Suðurá í Mosfellsdal.

18:00 HVÍTI RIDDARINN - BJÖRNINN

Knattspyrnulið Hvíta Riddarans leikur fyrsta leik í úrslitakeppni 4. deildar að Varmá.

18:00-21:00 VELTIBÍLLINN Á MIÐBÆJARTORGINU

Veltibíllinn kemur í heimsókn á torgið þar sem Mosfellingum gefst kostur á því að finna hversu mikilvægt er að nota bílbelti.

19:30-23:00 KAFFIHÚS MOSVERJA

Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihúis í Skálanum á Álafosskvos. Rjúkandi heitar vöflur og kakó eða kaffi.

19:30-22:30 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS

Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi.

20:00-22:00 TRÚBADOR Á BLACKBOX

Trúbadorinn Magnús Hafdal verður með gítarinn á Blackbox. Hátíðartilboð í boði fyrir gesti og gangandi.

20:30 ÍBÚAR SAFNAST SAMAN Á MIÐBÆJARTORGI

GULIR, RAUÐIR, BLEIKIR og BLÁIR. Allir hvattir til að mæta í lopapeysu.

20:45 SKRÚÐGÖNGUR LEGGJA AF STAÐ

Hestamannafélagið Hörður leiðir gönguna með vöskum fákum. Göngustjórar frá Leikfélagi Mosfellsssveitar.

21:00-22:30 ULLARPARTÍ Í ÁLAFOSSKVOS

Brekkusöngur og skemmtidagskrá. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skrúðgöngu. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri setur hátíðina. Söngvaborg tekur nokkur lög. Hilmar og Gústi stýra brekkusöng. Björgunarsveitin Kyndill kveikir í blysum. Rauðakrosshópurinn sinnir gæslu ásamt Kyndli.

22:00 BAGGALÚTUR Í HLÉGARÐI

Hljómsveitin Baggalútur heldur tónleika í Hlégarði. Húsið opnar kl. 21:00 og miðasala fer fram á www.midi.is.

LAUGARDAGUR 31. ÁGÚST

- FRÍTT Í STRÆTÓ Í BOÐI MOSFELLSBÆJAR**
- FRÍTT Í VARMÁRLAUG**
- FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**

8:00-20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBSINS

Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll. Tveir fyrir einn af vallargjöldum á Hlíðavelli og í Bakkakoti.

8:00–17:00 MOSFELLSBAKARÍ

Bakaríið í hátíðarskapi alla helgina og býður gestum og gangandi upp á ferskt brauð og frábæra stemningu. Bakkelsi í hverfalitunum og vöflur til hátíðarbríða.

9:00–17:00 FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN

Gljúfrasteinn – hús skáldsins opnar dyrnar að safninu upp á gátt og verður frítt inn í tilefni bæjarhátíðar Mosfellsbæjar, í túninu heima. Gljúfrasteinn var heimili

og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfra aldar skeið. Í nágrenni safnsins eru skemmti-legar gönguleiðir, meðal annars upp að Helgufossi.

9:00-17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM

Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

9:00-16:00 TINDAHLAUP MOSFELLSBÆJAR

Náttúruhlaup sem hefst við íþróttamiðstöðina að Varmá. Ræst kl. 9:00 og kl. 11:00. Fjórar vegalengdir í boði, 7 tindar (38 km), 5 tindar (34 km), 3 tindar (19 km) og 1 tindur (12 km). Nánari upplýsingar á www.mos.is/ tindahlaup og www.hlaup.is.

10:00-16:00 MOSSKÓGAR Í MOSFELLSDAL

Útimarkaður: Sultukeppni, grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. Kamm-erkór Mosfellsbæjar tekur nokkur lög kl. 13:30. Úrslit í sultukeppni kl. 15:00. Skila þarf inn sultum fyrir hádegi.

12:00–18:00 ÆVINTÝRI Á GÖNGUFÖR

Ásta Júlía Hreinsdóttir sýnir olíumálverk í gróðurhúsinu að Suðurá í Mosfellsdal.

12:00-14:00 KYNNING Á VETRARSTARFI UMFA

Deildir Aftureldingar koma saman í íþróttahúsinu að Varmá í sal 3. Hægt verður að prófa hinar ýmsu íþróttir sem boðið verður upp á í vetur, fá aðstoð við skráningu og upplýsingar um æfingatíma og fristundaávisun.

12:00-17:00 WINGS AND WHEELS - TUNGUBAKKAFLUGVÖLLUR

Fornvélasýning: Gamlar flugvélar, dráttarvélar úr Mosfellsbæ, mótorhjól, fornbílar og flugsýning. Heitt á könnunni fyrir gesti og karamellukast fyrir káta krakka.

12:00 HÓPAKSTUR UM MOSFELLSBÆ

Ferguson-félagið stendur fyrir hópakstri dráttarvéla og fornbíla. Lagt er af stað frá Tungubakkaflugvelli og keyrður hringur um Mosfellsbæ.

12:00-18:00 KAFFIHÚS MOSVERJA

Skátafélagið Mosverjar verður með kaffihús í Skálanum í Álafosskvos. Rjúkandi heitar vöflur og kakó eða kaffi. Blaðrarinn kikir í heimsókn kl. 15 og skemmtir börnun.

13:00-17:00 KLIFURVEGGUR Í ÁLAFOSSKVOS

Skátafélagið Mosverjar býður öllum að sigra klifurvegg-inn sem staðsettur verður við Skálann í Álafosskvos.

13:00-17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRADASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL

Geitur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 800 kr.

12:00-16:00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS

Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi og ýmsar uppakomur á sviði.

12:00 Bláðrarinn mætir með sín vinsælu blöðrudýr

12:30 Skóðsveinar (Minions) á röltinu um svæðið

13:00 Krakkar úr Krikaskóla syngja

13:30 Karlakórinn Stefnr

14:00 Hljómsveitin Pristarnir úr Listaskólanum

14:30 Kammerkór Mosfellsbæjar

15:00 Heimatilbúið söngatriði

13:00-15:00 KYNNING Á ÆVINTÝRAGARÐINUM

Kynning á skipulagi Ævintýragarðsins. Fulltrúar bæjar-ins og hönnuðir verða við íþróttamiðstöðina að Varmá til að svara spurningum og taka á móti hugmyndum bæjarbúa um framtíð Ævintýragarðsins.

13:00–14:00 LISTAMANNASPJALL Í LISTASAL MOSFELLSBÆJAR

Gerður Guðmundsdóttir segir frá sýningunni sinni Skynjun – Má snerta. Þetta er litrík sýning af lopa-verkum þar sem sýningargestir eru hvattir til að upplífa verkin með snertingu.

13:00–16:00 SKIPTIFATAMARKAÐUR RKÍ

Rauði krossinn verður með pop-up barnafatamarkað í Rauða kross húsinu, Þverholti 7. Komdu með heillegar flíkur og skiptu út fyrir aðrar eða gerðu reyfarakaup.

13:00-15:00 EIRHAMRAR – FÉLAGSSTARF ALDRADRA

Mosfellingar, FaMos-félagar og aðrir gestir velkomnir í heimsókn í þjónustumiðstöðina á Eirhómrum. Fjölbreytt vetrardagskrá kynnt. Kaffi á könnunni og Vorboðarnir taka lagið um kl. 13:00.

13:00-13:30 SÍRKÚS ÍSLANDS VIÐ HLÉGARÐ

Sirkús Íslands sýnir listir sínar á túninu við Hlégarð. Fjörug fjölskyldusýning fyrir allan aldur. Aðgangur frír.

14:00-24:00 TÍVOLÍ VIÐ MIÐBÆJARTORG

14:00-16:00 KJÚKLINGAFESTIVAL

Stærstu kjúklinga- og matvælaframleiðendur landsins kynna afurðir sínar og gefa smakk við íþróttamiðstöðina að Varmá. Matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Ýmis skemmtiatriði, axarkast, kraftaáskorun, harmon-ikkuleikur, uppistand og fleira.

14:00-15:00 VARMÁRVÖLLUR - AFTURELDING - NJARÐVÍK

Knattspyrnulið Aftureldingar tekur á móti Njarðvík í 19. umferð Inkasso-deildar karla. Frítt inn í boði KFC. Páll Óskar verður heiðursgestur og Steindi Jr. vallarþulur.

14:00-17:00 STEKKJARFLÖT

Frítt fyrir káta krakka í hoppukastala og ærslabelg.

15:00-16:00 STEKKJARFLÖT – HESTAFJÖR

Teymt undir börnun á Stekkjarflötinni í boði Hestamenntar.

16:30 KARMELLUKAST Á FLUGVELLINUM TUNGUBÖKKUM

17:00-21:00 GÖTUGRILL Í MOSFELLSBÆ

Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins. Tríðið Kókos fer á milli staða og heimsækir heppna íbúa.

FÖSTUDAGUR 30. ÁGÚST

KL. 17:00-20:00 SKELJATANGI 26

Opíð hús hjá Hrönn Huld Baldursdóttur spænskukennara sem býður í spænskt ævintýri. Tilvalið fyrir alla þá sem hafa gaman af því að tala spænsku og kynnast nýju fólki. Léttar veitingar í boði.

LAUGARDAGUR 31. ÁGÚST

KL. 10:00-14:00 REYKJAVEGUR 59

Hjónin Svandís og Einar verða með

opíð hús þar sem til sýnis verða handunnar þrjónavörur. Einnig tölur og fleira unnið úr kinda- og hreindýrahornum. Heitt verður á könnunni.

KL. 10:00-10:45 AKURHOLT 12

Hildur Ágústsdóttir býður í yoga nidra hugleiðslu í garðinum. Háfið meðferðis dýnu, teppi og koddar. Yoga Nidra er kallað yoga svefn, eða ástand milli svefns og vöku. Þar nær hugurinn og taugakerfið að hvílast og endurnærast.

11:00 AKURHOLT 16

Síðmorgunstónleikar á heimili Önnu Hilmarsdóttur og Egils Stefánssonar. Fram koma Daniel Pye úr hljómsveit-inni Neuromantics og dúettinn Dísar og Viktor sem samanstendur af Dísu And-ersen og Viktori Inga Guðmundssyni.

Í túninu
HEIMA

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR

21:00-00:00 TRÚBADOR Á BLACKBOX

Trúbadorinn Siggí Þorbergs verður með gítarinn á Blackbox í Háholtinu. Hátíðartilboð í boði fyrir gesti og gangandi.

21:00-23:00 STÓRTÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGI

Skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem Mosfellsbær býður öllum upp á tónleika á Miðbæjartorginu. Fram koma: Stuðlabandið, Katrín Halldóra [Elly], Björgvin Halldórsson, GDRN, Páll Óskar, Huginn og Svala Björg-vins. Kynnir verður Greta Salóme, Rauðakrosshópurinn sinnir gæslu ásamt Björgunarsveitinni Kyndli.

23:00 FLUGELDASÝNING KYNDILS

23:30-04:00 STÓRDANSLEIKUR MEÐ PÁLI ÓSKARI

Hinn eini sanni Páll Óskar mætir í íþróttahúsið að Varmá. Miðverð á Pallaball aðeins 2.500 kr. í forsölu og 3.500 kr. við inngang. Forsala á www.afturelding.is.

SUNNUDAGUR 1. SEPTEMBER

8:00–17:00 MOSFELLSBAKARÍ

Bakaríið í hátíðarskapi alla helgina og býður gestum og gangandi upp á ferskt brauð og frábæra stemningu. Bakkelsi í hverfalitunum og vöflur til hátíðarbríða.

8:00-20:00 ÆFINGASVÆÐI GOLFKLÚBSINS

Frítt fyrir alla á nýtt æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Hlíðavöll. Tveir fyrir einn af vallargjöldum á Hlíðavelli og í Bakkakoti.

9:00-17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM

Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

10:00-13:00 GANGA Á REYKJABORG

Létt fjallganga um stíkaðar leiðir Mosfellsbæjar. Gengið verður upp með Varmá og stefnan tekin á Reykjaborg, þar sem er hringsjá og frábært útsýni. Lagt verður af stað frá Suður-Reykjum kl. 10:00. Fararstjórar verða Ævar Aðalsteinsson, verkefnastjóri stíkaðra gönguleiða og Tómas G. Gíslason umhverfisstjóri Mosfellsbæjar.

Mosfellingar bjóða heim

12:00-15:00 ENGJAVEGUR 6

Myndlistarsýning á verkum Hannesar Scheving. Hann hefur stundað málara-list síðastliðin 30 ár. Verk til sölu og sýnis. Allir velkomnir.

13:00

AMSTURDAM 6 VIÐ REYKJALUND

Kvennakórinn Stóllurnar og María Guðmundsdóttir bjóða til árlegrar garðveislu. Söngur, gleði og gaman.

14:00 - 18:00 REYKJAVEGUR 84

Opíð hús á leirvinnustofu Helgu Jóhannesdóttur, Reykjavegi 84. Keramik og olíumálverk. Kaffi á könnunni og snafs.

14:00

NJARBARHOLT 10

Hljómsveitin Piparkorn leikur. Boðið verður upp á léttu jass og blues tónlist, bæði þekkt efni og frumsamið. Á pianó er Magnús Þór Sveinsson, trommari er Þorsteinn Jónsson, á gítar og bassa er Gunnar Hinrik Hafsteinsson og söng-kona er Þóra Björg Ingimundardóttir.

14:00

FURUBYGGÐ 28

Kvennakórinn Heklnurnar syngur lög í Furubyggðinni. Kórkornurnar koma víða að en stjórnandi kórsins er Dagný Þórunn Jónsdóttir.

11:00 GUÐSPJÓNUSTA Í MOSFELLSKIRKJU

Guðspjónusta með léttu ívafi í túninu heima. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir. Kirkjukór Lágafellssóknar leiðir safnaðarsöng. Þorvaldur Örn Davíðsson organisti.

11:00-15:00 HINDRUNARBRAUT VIÐ HLÉGARÐ

Frítt í 50 m uppblásna hindrunarbraut og Disney-hoppukastala á túninu við Hlégarð.

12:00–18:00 ÆVINTÝRI Á GÖNGUFÖR

Ásta Júlía Hreinsdóttir sýnir olíumálverk í gróðurhúsinu að Suðurá í Mosfellsdal.

13:00-17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRADASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL

Geitur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanín